



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sektir vegna stöðubrota í miðbænum (US220040).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúa Flokks fólksins hefur borist ábendingar og kvartanir vegna innheimtu Bílastæðasjóðs. Kvartað er yfir óvægnum aðferðum þar sem fólk upplifir jafnvel að verið sé að leiða sig í gildru með því að hafa merkingar ábótavant. Margt er að breytast í miðbænum og ekki allir átta sig á þessum breytingum enda breytingar örar. Sums staðar eru merkingar ekki nógu góðar eða hreinlega ábótavant t.d. þar sem er algert stöðubann. Einnig eru víða framkvæmdasvæði sem byrgja sýn.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að sjá sundurliðað yfirlit yfir þá staði sem mest er sektað vegna stöðubrots.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, bílastæðasjóðs, þann 2. mars sl.

Svar við fyrirspurn:

Bílastæðasjóður Reykjavíkur fer með eftirlit með bifreiðastöðum um alla borg í því skyni að greiða fyrir umferð gangandi jafnt sem akandi vegfarenda. Skipulag eftirlitsins ræðst af handahófi á degi hverjum, en umferðarlög gilda jafnt um alla ökumenn. Engin svæði eru undanskilin daglegu eftirliti og er það hrein tilviljun á hvaða stað stöðuverðir eru staddir á hverjum tíma.

Samkvæmt upplýsingum frá Bílastæðasjóði voru flest stöðubrotsgjöld í marsmánuði á þessu ári lögð á ökutæki í eftirtöldum götum:

Skólavörðustígur	179	Hverfisgata	83
Tryggvagata	126	Frakkastígur	82
Laugavegur	114	Engjavegur	76
Hafnarstræti	89	Garðastræti	50
Bryggjugata	84	Hallveigarstígur	47

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri